

# Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 10. maí 2016

Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Í þessari skýrslu stjórnar félagsins verður fjallað um rekstur og verkefni liðins árs og stuttlega reifað það sem kann að vera framundan.

## I

Nýliðið rekstrarár, árið 2015, var félaginu hagstætt hvað afkomu varðar þó að við höfum fundið fyrir launahækkunum eins og flest önnur fyrirtæki og hækkaði launakostnaður á ársverk um 9,2% milli ára. Rekstrargjöld ársins 2015 voru 136,6 milljónir króna; hagnaður var 10,0 m.kr. og voru hér unnin 5,6 ársverk á árinu sem er aukning um 11,6% frá fyrra ári. Efnahagsreikningurinn ber með sér að eignastaða félagsins er mjög góð. Eignir alls eru 192,2 m.kr. og handbært fé 163,1 m.kr. Eiginfjárlutfall félagsins eða hlutfall eigin fjár af heildareignum (þ.e.a.s. af eigin fé og skuldum alls) er 93,2 sem telst afar hagstætt, skuldsetningin er lítil. Veltufjórhlutfallið, sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé, er 15,4 sem sýnir að skuldsetning félagsins til skemmri tíma er sömuleiðis lítil.

Það varðar einnig rekstur félagsins að einn nýr hluthafi bættist í hópinn á liðnu ári, það var Grímsnes- og Grafningshreppur, og eru hluthafar nú 60 talsins. Tveir fjölbrautaskólar bættust í hóp safna sem nota kerfið, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Menntaskólinn í Kópavogi, og eitt safn annað, Náttúruminjasafn Íslands, en tveir aðilar heltust úr lestinni, Þekkingarnet Austurlands og Samtökin 78. Söfn og útibú þeirra sem nú nota Gegni eru um 300 talsins og 50 söfn nota Sarp.

Eftir að ég lýk máli mínu mun framkvæmdastjóri gera nánari grein fyrir niðurstöðum ársreikningsins sem hefur verið endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og liggur hér frammi til skoðunar. Stjórn félagsins telur að fjárhagur þess sé í mjög góðu horfi. Hagnaður minnkar að vísu milli ára en hann er vel ásættanlegur að okkar dómi.

## II

En nú skal sagt frá nokkrum af verkefnum félagsins á árinu 2015.

Þann 18. febrúar 2015 fékk fyrirtækið afhenta viðbót við leiguhúsnæði sitt og batnaði aðstaða okkar töluvert við það; við bættist fundaherbergi og eldhús og svigrúm skapaðist fyrir nýjan starfsmann og þau auknu umsvif sem samstarfið við Rekstrarfélag Sarps hefur haft í för með sér.

Meðal verkefna, sem mikla þýðingu hafa gagnvart almennum notendum, var að taka eldra vefviðmót Gegnis úr sambandi í því skyni að beina notendum á það viðmót sem við köllum Leitir eða leitir.is. Það hefur verið stefna félagsins að leggja áherslu á Leitir og byggja þann vef upp sem víðtækt og nútímalegt leitarkerfi fyrir bókasöfn og fleiri gerðir gagnasafna, þar á meðal minjasöfn og ljósmyndasöfn. Notendaviðmót Leita er mjög gott og auðvelt fyrir almenna notendur að afmarka leitir sínar þar með ýmsu móti. Hins vegar var vitað að margir höfðu vanist eldra viðmóti Gegnis vel og töldu eftirsjá að því. Komið var til móts við sjónarmið þeirra með því að leggja vinnu í að bæta virkni Leita og gera mönnum kleift að einskorða leit sína með mjög einföldum hætti við safnkost bókasafna í Gegni. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við viðskiptavinum og notendafélag Gegnis, Alefli, og lausnin þróuð í samstarfi við þessa aðila. Í kjölfarið var hún síðan kynnt bæði með heimsóknum til safna og á námskeiðum sem félagið stóð fyrir. Þessu verkefni var komið í höfn í ársbyrjun 2016. Mælingar á notkun vefjanna benda til að heildarnotkunin hafi lítið breyst þegar gegnir.is var tekinn úr notkun.

Þessi breyting felur í sér að félagið stendur nú að einni meginvefgátt fyrir leitir í söfnum í stað tveggja áður. Við það verður vinna við vefkerfi félagsins skilvirkari og starfsmenn geta einbeitt sér að umbótum og viðhaldi á einu vefkerfi í stað tveggja áður.

Eins og notendur þekkja er gagnaskrá minjasafna nú orðin aðgengileg í Leitum vegna tengingar við Sarp; og á árinu bættist Ljósmyndasafn Akraness í hóp þeirra safna sem Leitir ná til. Þannig höfum við stöðugt færst nær því markmiði að gera Leitir að verulega gagnlegri og umfangsmikilli leitarvél bæði fyrir fræðasamfélagið og almenning á Íslandi. Leitir má nú kalla flaggskip Landskerfis bókasafna.

Á árinu var mikil vinna lögð í nýjan fyrirtækisvef Landskerfis bókasafna sem ekki gegnir aðeins hlutverki sem kynningartæki heldur er hann jafnframt þjónustuvefur viðskiptavina, verkbeiðnakerfi og skráningarkerfi fyrir námskeið og gefur betri aðgang að tölfræði safna en áður var. Nýi vefurinn er mun notendavænni en sá gamli, bæði fyrir starfsmenn okkar og starfsmenn

safna, auk þess sem hann er miklu öruggari. Þá er mikils vert að nýi vefurinn nýtist ekki aðeins starfsmönnum bókasafna heldur líka starfsmönnum þeirra safna sem nota Sarp. Það að bæta þennan vef var mikilvægt skref í átt að bættri þjónustu. Auk innanhússfélks unnu fyrirtækin Feanor og 1xInternet að hönnun og smíði vefjarins og var hann nú nýlega opnaður á léninu landskerfi.is.

Meðal annarra stórra verkefna, sem félagið vann að á árinu 2015, var innleiðing nýs skráningarstaðals sem kallast RDA eða *Resource Description and Access* og var fyrst gefinn út árið 2010. Gagnsemi þessa nýja staðals birtist meðal annars í að hann er betur sniðinn að rafrænum gögnum en eldri staðall og er auðskilið að stóraukið framboð rafrænna gagna kalli á ný vinnubrögð í skráningu á safnkosti. Þess má líka geta að RDA staðallinn tekur ekki aðeins til gagna á bókasöfnum, heldur einnig til minjasafna og skjalasafna.

Innleiðing RDA staðalsins hefur haft í för með sér ýmis verkefni á okkar vettvangi, með góðu samstarfi við starfsmenn Landsbókasafnsins og fleiri safna. Reynt var að laga Gegni sem best að þessum nýju skráningarreglum til að auðvelda starf skráningarfólks og endurskoða þurfti með hvaða hætti fullar færslur birtast eftir breytinguna bæði í biðlara á söfnum og í vefviðmóti. Við þessa innleiðingu þurfti að huga að mörgum tæknilegum atriðum, svo sem aðlaga fellilista og villuboð, leiðréttu færslur sem sóttar eru í erlenda gagnagrunna og útbúa og yfirfara verkferla. Vinnu vegna þessara breytinga verður áfram haldið á þessu ári.

Að venju var námskeiðsáætlun Landskerfis bókasafna metnaðarfull á liðnu hausti en af óviðráðanlegum ástæðum varð ekki af kennslu í notkun Sarps sem ráðgerð hafði verið. Alls voru haldin 16 námskeið í Gegni og Leitum, ýmist almenn eða sérhæfð. Meðal þeirra voru grunnnámskeið, útlánanámskeið, námskeið í kerfiskeyrslum, aðfanganámskeið og skráningarnámskeið. Tíu ítarnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk aðildarsafna Gegnis. Ítarnámskeiðið kallaðist „Hversdagsverkin í nýju ljósi“ og eins og nafnið bendir til var þar lögð áhersla á að létta undir með bókasafnsfólki við verkefni sem flestir takast á við í sínum daglegu störfum ásamt því að kynna fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á vefjum Landskerfis bókasafna.

Auk námskeiða eru reglulega haldnir fræðslufundir skrásetjara í samstarfi við Landsbókasafn og skráningarráð Gegnis og gegna þeir mikilvægu hlutverki við að tryggja gæði skráningar í þennan sameiginlega bókfræðigagnagrunn þjóðarinnar.

Almennt talað tókst námskeiðshald félagsins mjög vel ef marka má kennslukönnun sem jafnan er lögð fyrir þátttakendur að námskeiði loknu. Einkunnargjöf var á bilinu 7,8 til 9,6. Jafnan

er brugðist við athugasemdum, sem berast í gegnum slíkar kannanir, og er það liður í að vinna að stöðugum umbótum á þessum vettvangi.

Eins og fyrri ár hafa starfsmenn Landskerfis bókasafna boðið upp á námskeið utan höfuðborgarsvæðisins sem er mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Nú var lögð áhersla á að fara yfir „hversdagsverkin“ á bókasöfnum og að kenna á útlánabátt Gegnis. Á Akureyri var auk þess farið yfir RDA skráningarstaðalinn og fjallað um nýjar kerfiskeyrslur. Námskeið var kennt á Grundarfirði fyrir bókasöfn á Snæfellsnesi; á Blönduósi var námskeið fyrir bóka- og minjasöfn á Norðurvestrlandi; námskeið á Akureyri var sótt af starfsfólki á Norðurlandi eystra og þeir sem komu lengst að komu frá Kópaskeri; á Ísafirði var einnig efnt til námskeiðs og það var sótt af starfsfólki bóka- og minjasafna frá Ísafirði, Bolungarvík og Dýrafirði.

Reynslan sýnir að öll þessi námskeið eru mikilvæg fyrir starfsfólk safna; þau eru nýtt til að kynna nýjungar og fyrirhugaðar breytingar og gefa fólki tækifæri til að þróa sig í starfi. Ekki er síður mikilvægt að þessi námskeið skapa tækifæri fyrir fólk til að hittast, bæði starfsfólki safna til að hitta starfsmenn Landskerfisins augliti til auglitis og til að hitta starfssystkini frá öðrum söfnum. Þau gefa okkar starfsfólki, sem kennir á námskeiðunum, einnig tækifæri til að skilja betur hagsmuni og hugðarefni notenda kerfisins á söfnum sem er dýrmætt þegar hugað er að umbótum á kerfinu og framtíðarþróun.

Samstarf Landskerfis bókasafna við Rekstrarfélag Sarps hélt áfram á árinu; þetta samstarf hefur gengið vel og var þjónustusamningur við félagið endurnýjaður og undirritaður 31. ágúst 2015. Gildir hann frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2019 eða í fjögur ár. Markmið Rekstrarfélagsins með samstarfinu er einkum að samnýta aðföng, auka gæði skráningar í Sarp og bæta reksturs kerfisins, upplýsingagjöf og þjónustu við viðskiptavinum Rekstrarfélagsins. Frá bæjardyrum Landskerfisins séð felast í því tækifæri að auka samstarf ólíkra gerða safna í gegnum samrekstur skráningar- og leitarkerfa þeirra og þjónustu við viðskiptavinum. Væntingar eru um að faglegt samstarf af þessum toga muni stuðla að samræmingu skráningar ólíks safnkosts á landsvísu til lengri tíma litið sem hefði ótvíræða kosti í för með sér við samtengingu menningarsögulegra gagna á veraldarvefnum.

Starfræktur var vinnuhópur á vegum Rekstrarfélagsins og gerði hann tillögur um breytingar á samþykktum og gjaldskrá félagsins sem framkvæmdastjóri og stjórn félagsins fylgdu síðan eftir. Stofnað var skráningarráð Sarps sem hefur það hlutverk að stuðla að samræmingu og gæðum skráningar í Sarp á líkan hátt og skráningarráð Gegnis.

Miklar breytingar urðu einnig á rekstri Sarps á árinu og mæddi töluvert á starfsmönnum Landskerfisins vegna þess. Gengið var frá verklokasamningi við Þekkingu sem hafði sinnt þróun og viðhaldi þriðju útgáfu Sarps frá upphafi. Í kjölfar verðkönnunar var gengið til samninga við fyrirtækin PES ehf og AN-Lausnir á Egilsstöðum og tóku þau fyrirtæki við viðhaldi og þróun Sarps síðla ársins.

Í lok apríl 2016 voru 1.167.194 titlar skráðir í Gegni en fjöldi eintaka var þá tæplega sex milljónir. Fjöldi nýskráðra titla árið 2015 var 40.984 en raunveruleg fjölgun titla í gagnagrunninum á milli ára var 22.543 titlar eða bókfræðifærslur. Mismunurinn, sem er 18.441 færslur, skýrist af bókfræðifærslum sem hafa verið sameinaðar eða afskráðar á árinu. Fyrir utan venjubundna grisjun á söfnum og í kerfinu, sem getur komið til af því að bók er fargað eða hún er týnd, voru tvö kerfisleg verkefni sem fólu í sér umtalsverða fækkun í Gegni. Annað þeirra fólst í að eyða gömlum samskrárfærslum safna sem ekki eiga aðild að Gegni. Þetta voru titlar sem voru fluttir vélrænt í Gegni við yfirfærslu gagna úr öðrum kerfum árin 2003 og 2004. Hitt fólst í að úreltum SFX færslum fyrir rafræn tímarit var eytt úr grunninum vegna breyttra áskrifta hjá Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, hvar.is.

Í lok mars 2015 voru rúmlega 275 þúsund gögn í útláni. Heildarútlán ársins 2015 voru tæplega 3,2 milljónir og drógust saman um 3,8% á milli árána 2014 og 2015. Samdráttur í útlánum hófst árið 2010 en fram að þeim tíma var aukning útlána á milli ára umtalsverð. Skýringar á almennum samdrætti útlána er væntanlega fyrst og fremst að leita í auknu framboði á afþreyingarefni ásamt auknu framboði á rafrænu efni.

Fjöldi gildra lánþega hefur dregist verulega saman á milli árána 2014 og 2015. Ástæða þessa er m.a. að Landskerfi bókasafna fór í kerfislegar aðgerðir til þess að samræma raunverulegan fjölda gildra lánþega á milli safna. Reglum um sjálfgildi lánþegaskírteina var breytt og núna fá flestir lánþegar endurnýjaða heimild eitt ár fram í tímann. Einnig var nemendum grunnskólasafna sem voru 17 ára eða eldri eytt úr viðkomandi safni enda löngu útskrifaðir úr grunnskóla.

Topplistar útlána voru kynntir til sögunnar um áramótin 2014-2015. Síðastliðið ár var haldið áfram að þróa topplistanana. Meðal annars var nýjum skýrslum sem greina betur útlán barna- og unglungaefnis bætt við. Í stað eins flokks fyrir barna- og unglungaefni er það nú flokkað í barnaefni, smábarnaefni, unglungaefni, kennsluefni grunnskóla og kennsluefni framhaldsskóla. Þessi ítarlega flokkun útlána barna og unglunga var framkvæmd að ósk forsvarsmanna bókasafna

grunn- og framhaldsskóla. Eins og fyrr er Myndasögusyrpa Disney lang vinsælasta barnaefnið en meðal annarra sem komu við sögu á topplustum eru Dagbók Kidda klaufa, Arnaldur Indriðason og bók um fótboltakappann Zlatan Ibrahimovic. Svona listar eru áhugaverðir fyrir safnafólk enda verður haldið áfram að þróa þá og útbúa í fleiri tilbrigðum.

Þá mætti nefna að í útlánatölfræði ársins 2015 eru útlán greind eftir kyni skírteinishafa og kemur í ljós að meðan útlán til kvenna eru rúmar tvær milljónir eintaka eru útlán til karla tæp milljón.

Hér að framan hef ég talið upp ýmis sérstök verkefni félagsins á liðnu ári; en mikilvægt er þó að geta þess að á hverjum degi bregst starfsfólk okkar við beiðnum notenda og vinnur verk við rekstur kerfisins sem kannski teljast ekki fréttæm en eru þó nauðsynleg; það þarf að uppfæra kerfið í samstarfi við erlendan framleiðanda þess, framkvæma lyklun og bregðast við ýmsum uppákomum í daglegu starfi sem ekki verður lýst hér frekar.

### III

Nú verður gerð stuttlega grein fyrir stöðu tveggja mikilvægra mála sem hafa verið á döfinni um hjá okkur um nokkurt skeið og þau eru annars vegar útlán rafbóka, hins vegar undirbúningur kerfisskipta.

Félagið hefur unnið að því að gera bókasöfnum kleift að lána út rafrænar bækur eins og rætt var í skýrslu stjórnar fyrir ári. Þetta fól í sér að fundið var hugbúnaðarkerfi sem talið var henta, leitað var samstarfs við norska aðila sem reka slíkt kerfi og lögð drög að samningi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Snurða hljóp hins vegar á þráðinn þegar norsku aðilarnir kipptu að sér höndum og stendur þetta verkefni nú á vissan hátt aftur á byrjunarreit. Bókaútgefendur eru að vísu eitthvað fúsari til samstarfs en áður en ekki hefur verið gengið frá samningi við þá og heppilegt útlánakerfi er enn ófundið. Áfram verður þó unnið að þessu máli enda telur stjórnin mjög æskilegt að þessi þjónusta sé hér í boði líkt og í grannlöndum okkar.

Með undirbúningi kerfisskipta er átt við að gera má ráð fyrir að Landskerfi bókasafna og þar með flest bókasöfn landsins taki nýtt bókasafnskerfi í sína þjónustu innan fárra ára. Þetta mál kemur öðru hverju til umræðu á fundum stjórnar félagsins og hefur gert í nokkur ár enda er vitað að tæknibreytingar og aðrar breytingar í umhverfi safna valda því að upplýsingakerfi þeirra ganga sér til húðar. Í fyrri skýrslum stjórnar hefur þetta efni verið rætt nokkuð og því látum við nægja

að geta þess hér að leitinn að næsta bókasafnskerfi heldur áfram og mun gera það með vaxandi þunga á næstu misserum.

Á liðnu starfsári skilaði framkvæmdastjóri stjórninni sérstakri skýrslu um þetta efni þar sem gerð var grein fyrir valkostum eins og þeir litu út þá. Þar kom fram að þrjú kerfi geti talist nokkuð álitleg eins og sakir standa þó að ekkert þeirra sé beinlínis vel sniðið að okkar þörfum. Eins og áður hefur komið fram tengist sérstaða okkar hér því öðru fremur að söfnin sem nýta hið sameiginlega landskerfi eru af ólíkum toga og hafa mismunandi þarfir, sumt eru skólasöfn, sum almenningssöfn með áherslu á mikil útlán, önnur rannsóknasöfn með áherslu á rafrænar áskriftir og svo framvegis.

Því skal aðeins til skila haldið hér að stjórn félagsins telur að nú þurfi að leggja vaxandi áherslu á þessa vinnu, greina nánar þarfir safnanna og máta við kerfin sem í boði eru, kanna hvernig farið er að í löndum eða á svæðum þar sem þarfir líkjast þörfum okkar safna og læra af því. En jafnframt stígum við skref sem búa í haginn fyrir komandi kerfisskipti meðal annars með því að taka upp RDA skráningarstaðalinn auk þess sem stefnt er að því að einfalda uppsetningu kerfis okkar með því að reyna að fá bókasöfn til að samræma útlánareglur sínar og kerfisuppsetningu sem gæti greitt fyrir innleiðingu næsta kerfis. Stjórnin telur að félagið hafi nú þann mannafla, starfsaðstöðu og þá fjárhagslegu burði sem þarf til að standa vel að vali og innleiðingu næsta kerfis innan fárra ára.

#### IV

Á nýliðnu starfsári hélt stjórn Landskerfis bókasafna hf. ellefu stjórnarfundir. Ég vil þakka stjórnarmönnum gott samstarf. Á árinu 2015 hóf Þóra Gylfadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, störf hjá félaginu og bjóðum við hana velkomna til starfa. Fyrir hönd stjórnarinnar færi ég að lokum framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Landskerfis bókasafna hf. einlæggar þakkir fyrir ötult starf þeirra á liðnu starfsári.